**Fimmtudaginn 24. og föstudaginn 25. september 2026 var 39. þing Alþýðusambands Norðurlands haldið á Illugastöðum í frekar blautu og vindasömu haustveðri fyrri daginn en fallegu og mildu seinni daginn. Ágætlega var mætt frá aðildafélögunum AN.**

## Dagskrá fimmtudaginn 24. september:

**Setning þingsins:**
Ósk Helgadóttir formaður AN setti þingið.
Tillaga af þingforseta var Tryggvi Jóhannsson, Einingu Iðju og Sigurey Ólafsdóttir, Samstöðu sem vara þingforseta, var það samþykkt.
Tillaga af fundarritara var Eydís Bjarnadóttir, FVSA og Álfheiður Haraldsdóttir, Samstöðu til aðstoðar, var það samþykkt.

**Skýrsla stjórnar:**
Ósk Helgadóttir, formaður AN las skýrslu stjórnar:
Samkvæmt lögum Alþýðusambands Norðurlands er stjórn sambandsins kosin til tveggja ára og situr frá þingi til þings. Á 38. þingi sambandsins er haldið var á Illugastöðum 3. og 4. október 2024 var eftirfarandi stjórn kjörin:

Formaður: Ósk Helgadóttir Framsýn, varaformaður: Jóhannes Jakobsson Byggiðn, ritari: Vigdís Edda Guðbrandsdóttir Samstöðu.

Varastjórn hefur unnið samhliða stjórn á kjörtímabilinu, en þar voru kjörin : Eydís Bjarnadóttir FVSA, Aneta Protykus Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Atli Víðisson Öldunni.

Frá síðasta þingi AN er búið að halda sex stjórnarfundi og einn fulltrúaráðsfund. Stjórnin hefur fjallað um ýmis mál, en tíminn að mestu farið í undirbúning fyrir fulltrúaráðsfundinn á síðasta ári og 39. þing Alþýðusambands Norðurlands, sem nú er hafið. Vert er að geta þess að erindi barst frá stjórn orlofsbyggðarinnar, þar sem óskað var eftir því að AN legði til fjármagn í að endurnýja borð og stóla hér í fundarsalnum, ásamt veggplötum sem settar voru upp til að bæta hljóðvist í salnum. Samþykkti stjórn AN að greiða fyrir þær framkvæmdir, enda í samræmi við ákvörðun 36. þings AN frá árinu 2022, þar sem samþykkt var að nýta þá fjármuni sem AN fékk greidda frá Landsneti fyrir línulögn og malartekju í Illugastaðalandi, til að bæta hér aðstöðu til fundarhalda.

Fulltrúaráðsfundur AN var haldinn 24.september 2025 að Illugastöðum og sátu hann 20 fulltrúar frá 10 af 11 aðildarfélögum sambandsins. Boðið var upp á áhugaverða dagskrá þar sem nokkrir góðir gestir fluttu erindi.

Þorleifur Kr. Níelsson verkefnastjóri Farsældar - Akureyri sagði okkur frá verkefninu: Farsæld barna sem lögfest voru á Alþingi árið 2021, til að börn og foreldrar sem á því þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana.

Bryndís Elfa Valdimarsdóttir sérfræðingur Jafnréttisstofu fór yfir þær breytingar sem orðið hafa í samfélaginu á þeim 25 árum sem liðin eru frá því að Jafnréttisstofa var

stofnuð. Hlutverk stofnunarinnar og áherslur í jafnréttisbaráttunni hafa þróast mikið, allt frá lögum um kynjakvóta yfir í nýjar kröfur á vinnumarkaði.

Sesselja Barðdal framkvæmdastýra Driftar EA sagði okkur frá fyrirtækinu, sem stofnað var árið 2024 af þeim Samherjafrændum Þorsteini Má Baldvinssyni og Kristjáni Vilhelmssyni, með það að markmiði að styðja við frumkvöðla, nýsköpun og atvinnulíf á Akureyri og í Eyjafirði. Fyrirlestur Sesselju var á persónulegu nótunum, og hún fjallaði einnig um jafnvægið á milli þess að stýra ört vaxandi frumkvöðlasetri og að sinna fjölskyldulífinu. Dóttir Sesselju fæddist með sjaldgæfan sjúkdóm og sú reynsla hefur litað hennar sýn á hversu mikilvægt það er að vinnustaðir sýni sveigjanleika.

Hólmfríður Sveinsdóttir rektor Háskólans á Hólum sagði frá fyrirhugaðri uppbyggingu Háskólasamstæðu í Skagafirði. Samstæðan saman stendur af Háskólanum á Hólum og Háskóla Íslands og markmiðið er að bæta samkeppni skólanna, auka gæði náms og rannsókna og efla tengsl við atvinnulífið.

Daníel Hansen forstöðumaður setursins Fræðafélag um forystufé upplýsti okkur um starfsemi setursins sem stofnað var 2010 og er með aðsetur á Svalbarði í Þistilfirði. Þar er unnið að uppbyggingu og rekstri Fræðaseturs um íslenskt forystufé, sem er einstakur stofn, og finnst hvergi annarsstaðar í heiminum.

Tryggvi Jóhannsson formaður orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum sagði frá ýmsum framkvæmdum sem hafa verið gerðar í orlofsbyggðinni 2024 og 2025. Aukin aðsókn hefur verið í sundlaugina undanfarin sumur en það styttist í ýmsar endurnýjunaraðgerðir á henni. Tryggvi kynnti fyrir okkur hugmyndir um framtíð byggðarinnar.

Síðast en ekki síst voru rædd atvinnumál á félagssvæðinu. Rætt var um lokun kísilversins á Bakka þar sem starfsfólki var sagt upp og starfseminni hætt. Lokun verksmiðjunnar og tilheyrandi hópuppsagnir var reiðarslag og setti mark sitt á samfélagið í Norðurþingi, enda fyrirséð að talsverður fjöldi fólks væri á förum úr bænum. Þá sköpuðust umræður um hlutverk ASÍ, hvort að það væri samnefnari fyrir öll aðildarstéttarfélög, og hvernig ASÍ gæti sem best veitt félögunum stuðning þegar skapast aðstæður, líkt og gerðist á Bakka.

Trausti Jörundarson formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar ræddi í því sambandi um hvort að AN ætti að beita sér meira pólitískt fyrir stéttarfélögin á Norðurlandi og þá umræðu ætlum við að taka áfram hér í dag.

Það er ósk mín að við munum eiga saman fróðlega og skemmtilega samverustundir og förum heim héðan á morgun margs vísari eftir og mikla og góða vinnu.

Í samræmi við lagaskipan Alþýðusambands Norðurlands tekur ný stjórn við störfum í lok þessa þings. Um leið og við í núverandi stjórn þökkum fyrir okkur þá óskum verðandi formanni og stjórn velgengni í störfum sínum.

**Ávarp forseta:**
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir 1. varaforseti ASÍ, fjallar um stöðuna á vinnumarkaðinum og hversvegna verkalýðshreyfingin skiptir máli og hvað þarf að huga að varðandi framtíðina.

**Skipun kjörbréfanefndar:**
Lagt er til að stjórn AN sé kjörbréfanefnd, var það samþykkt.
Jóhannes Jakobsson staðfesti fyrir hönd kjörnefndar að 70 af 104 þingfulltrúar sitja þingið og tveir gestir Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Álfheiður Haraldsdóttir, *sjá þingskjal nr 4 og 5*.
Staðfest er að þingið er löglegt og löglega til þess boðað.

**Staða og horfur í samfélaginu**
Róbert Farestveit sviðsstjóri Hagfræði- og greiningasviðs ASÍ sendi myndbandsupptöku í formi glæra, þar sem að hann var erlendis og gat ekki verið á staðnum. Í erindi sínu fjallaði hann um þær efnahagslegu áskoranir sem að bæði landið og heimurinn í heild hefur verið að glíma við síðustu árin. Þá fjallaði hann um það sem hefur gerst eftir að síðustu samningar voru gerðir og hvernig staðan er núna. Fór hann einnig vel yfir helstu atriðin í fjárlagafrumvarpi 2027.

**Gervigreind á mannamáli**
Magnús Smári Smárason verkefnastjóri í gervigreind hjá HA fjallar um þróun gervigreindar síðustu ára, áhrifin sem að gervigreindin hefur haft á þróun starfa í nútímanum og áhrifin sem að hún mun mögulega hafa í framtíðinni. Nokkrar spurningar komu úr sal.

***<u>Hádegisverður</u>***

**Bakki og uppbygging á atvinnusvæðinu**
Björn Gíslason verkefnisstjóri atvinnuuppbyggingar á Bakka, fer stuttlega yfir sögu Bakka, lokun álversins og áhrifin á þess á samfélagið á þessu svæði. Í kjölfarið var svo settur í gang stýrihópur sem átti að stýra atvinnuppbyggingu á Bakka og að finna möguleika á starfsemi á svæðinu. Björn fer yfir fjárfestakynningu Bakka og hvaða verkefni eru vonandi að fara í gang en það er meðal annars Akur Data Center, Bakkavík - landeldi, TTA - enduvinnsla á áli og Heidelberg – framleiðsla úr móbergi en bara þessi verkefni áætla um 200 til 300 störf. Nokkrar spurningar komu úr sal.

**Bríet/Brák leiguhúsnæði framtíðarinnar**
Einar Georgsson framkvæmdastjóri Brákar ávarpar þingið í gegnum Teams og kynnir starfsemi Brákar íbúðafélags. Brák var stofnað árið 2022 og er húsnæðissjálfseignastofnun og er með íbúðir út um allt land. Stofnframlög félagsins miða af því að byggðar séu íbúðir fyrir tekjulága einstaklinga og fjölskyldur. Stofnframlögin koma bæði frá ríki og sveitarfélögum. Í árslok 2026 er reiknað með að félagið eigi 314 fullbúnar íbúðir um allt land, flestar á austurlandi.
Bríet er sjálfstætt starfandi leigufélag í eigu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, stofnað

að norrænni fyrirmynd árið 2019 og rekið án hagnaðarsjónamiða. Bríet er með fjölbreyttar íbúðir út um allt land og á um 479 fasteignir í 39 sveitarfélögum. Stefnt er að sameiningu þessara tveggja félaga. Nokkrar spurningar komu úr sal.

**Er ASÍ samnefnari aðildarfélaga ?**
Trausti Jörundarson formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar var með erindi, í því var rætt um aukin afskipti og sýnileika Alþýðusambands Norðurlands (AN) í hagsmunamálum félagsmanna og atvinnumálum á Norðurlandi. Lögð var áhersla á að félög innan AN sameini krafta sína í ríkari mæli og beiti sér sameiginlega fyrir málefnum sem snerta félagsmenn og samfélög á Norðurlandi.

Gagnrýnt var að landsbyggðarsjónarmið ættu ekki nægilega greiðan aðgang að störfum og áherslum ASÍ. Sem dæmi voru nefnd viðbrögð ASÍ við stöðu PCC á Bakka, málefni WOLT, almenningssamgöngur, rafbílavæðing og fyrirhugað kílómetragjald. Einnig var bent á þann aukna kostnað sem íbúar landsbyggðarinnar þurfa að bera vegna ferða til að sækja heilbrigðisþjónustu utan heimabyggðar.

Þá var fjallað um fyrirhugað miðlægt vinnustaðaeftirlit ASÍ og gagnrýnt að fjármögnun þess eigi að fela í sér hækkun gjalda til ASÍ. Áhyggjum var lýst af kostnaði verkefnisins og hvort aðildarfélög á Norðurlandi muni í raun nýta sér þjónustuna.

Lögð var áhersla á að aukið samstarf stéttarfélaga á Norðurlandi gæti styrkt stöðu þeirra í sameiginlegum hagsmunamálum. Sem dæmi um mögulegt sameiginlegt átak var nefnd staða atvinnumála á Húsavík og Bakka og hvort sameiginleg afstaða formanna aðildarfélaga AN hefði getað sýnt sterkari samstöðu.

Að lokum var kallað eftir umræðu um framtíð og hlutverk AN, meðal annars hvort sambandið eigi að starfa áfram með óbreyttu sniði eða taka sér stærra og sýnilegra hlutverk í hagsmunabaráttu félagsmanna á Norðurlandi. Þá voru lagðar fram spurningar um kosti og galla aukins samstarfs, sameiginlegar ályktanir AN og hlutverk sambandsins gagnvart ASÍ.

Þó nokkur umræða varð um málefnið. Sú hugmynd kom upp um að stofna starfshóp innan AN til á fjalla um tilgang þess og ákvarða hvernig og hvort AN eigi að beita sér.

***<u>Kaffihlé</u>***

**Framhald af umræðunni fyrir kaffihlé...**

Tryggvi Jóhannsson þingforseti bar upp þá tillögu að skipaður verði starfshópur sem að Trausti Jörundarson muni leiða og verði skipaður, auk hans, af formönnum aðildafélaganna. Hópurinn mun vinna að stefnumótum AN og á að skila tillögu á fulltrúarráðsfundinum sem verður haldinn 2027. Þetta var samþykkt.

**Önnur mál**

1. Aðalsteinn Baldursson les upp drög af ályktun um byggða- og atvinnumál, *sjá þingskjal nr 6*.
   Nokkur umræða myndaðist. Fólki er gefin kostur á að koma með athugasemdir við ályktunina, sem verður skoða og svo verður hún lögð fram til samþykktar í dagskrá morgundagsins.
2. Lagabreytingar tillaga frá Einingu Iðju, Tryggvi Jóhannson les upp breytinguna á 8. grein, *sjá þingskjal nr. 7*.
   Nokkur umræða myndaðist. Verður tekið til nánari umræðu í dagskrá morgundagsins.

***Fleira ekki gert og fundi slitið þennan daginn.***

## Dagskrá föstudaginn 25. september

**Ályktun borin upp til samþykktar**
Ályktun gærdagsins um byggða- og atvinnumál, *sjá þingskjal nr 6*.
var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

**Illugastaðir – Uppbygging-hugmyndir**
Tryggvi Jóhannsson formaður orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum kynnir hugmyndir af uppbyggingu á svæðinu. Hugmyndir eru uppi um sækkun byggðarinnar innan samþykkts deiluskipulags. Gert er ráð fyrir að sú uppbygging myndi hefjast 2027 eða 2028. Nokkrar spurningar komu úr sal og umræða myndaðist.

**Ársreikningar og fjárhagsáætlun**
Elísabet Gunnarsdóttir fer yfir ársreikning 2024, *þingskjal nr 10 ,* og ársreikning 2025, *þingskjal nr 11*.
Reikningar bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Elísabet fer einnig yfir fjárhagsáætlun 2026 og 2027, *þingskjal nr 12*
Fjárhagsáætlun borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

**Kosningar**
Kosning um stjórn Alþýðusambands Norðurlands 2026 – 2028.
Tryggvi Jóhannsson bar upp tillögu kjörnefndar um stjórn og skoðunarmenn reikninga, *þingskjal nr 13* og var hún samþykkt samhljóða með lófaklappi.

**Önnur mál**

- Ný lagabreytingar tillaga frá Einingu Iðju, Tryggvi Jóhannson les upp breytinguna á 8. grein, *sjá þingskjal nr. 13*.
  Lög AN með þessari breytingu var borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða.

**Þingslit**
Trausti Jörundarson nýr formaður AN þakkar fundargestum fyrir komuna og slítur þinginu kl 11.